

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 17. maí 2022
UST202204-053/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 - Skálholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 fyrir Skálholt.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á lýsingarstigi 28. júlí 2021.¹

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skógræktarsvæði SL12 verður stækkað úr 38 ha í 181 ha, og minnkar landbúnarðarland sem því nemur.

Líffræðileg fjölbreytni og mikilvægi votlendis

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi hafa margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjú flokka.

Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.

Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.

Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.²

Ekki er gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógræktar á svæðið og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skógrækt raskar votlendi munu búsvæði og vistkerfi breytast staðbundið og búsvæði breytast og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/L%20c3%bdsing%20-%20breyting%20c3%a1%20a%20c3%b0alskipulagi%20B1%20c3%a1sk%20c3%b3gabygg%20c3%b0ar%202015-2027%20-%20sk%20c3%b3gr%20c3%a6kt%20c3%ad%20Sk%20c3%a1lholti.pdf>

² <https://ust.is/nattura/naturuvemdarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skógrækt á þessu svæði hafa áhrif á votlendið og því mikilvægt að finna annað svæði fyrir skógrækt sem veldur ekki röskun á votlendi og/eða afmarka skógræktarsvæðið í skipulagi á þann hátt að það raski ekki votlendi, þá sérstaklega að vernda norðurhluta svæðisins.³

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi innan skógræktarsvæðisins fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendi á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni þá brýnu nauðsyn að raska votlendinu, hvaða aðrir valkostir (svæði falla ekki undir sérstaka vernd) voru skoðaðir við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar og af hverju þeir voru ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram í tillögunni að innan svæðisins er votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi sem fellur undir ákvæði laganna, þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu. Auk þess þarf að grein fyrir öðrum staðsetningarkostum og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson

³ <https://serstokvernd.ni.is/>

